

# Ársskýrsla

Um faglegt starf leikskóla Reykjanesbæjar  
leikskólaárið 2007 -2008



Samantekt úr ársskýrslum  
Guðríður Helgadóttir  
leikskólafulltrúi

## Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15.og16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitarstjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv. 7. gr. laga nr 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

### Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Almennar upplýsingar</b> .....                             | <b>2</b>  |
| Leikskólar .....  | 2         |
| <b>Starfið síðastliðið leikskólaár</b> .....                  | <b>5</b>  |
| Starfsáætlun .....  | 5         |
| Innra mat á starfnu, framkvæmd og niðurstöður.....            | 6         |
| Próunar- og nýbreytnistarf .....                              | 7         |
| Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir. .... | 9         |
| Menningarviðburðir:.....                                      | 10        |
| Aðrar skemmtanir: .....                                       | 11        |
| Kynning á leikskólanum út á við: .....                        | 11        |
| <b>Starfsmenn</b> .....                                       | <b>12</b> |
| Stöðugildi.....   | 12        |
| Fundir.....   | 12        |
| Skipulags- og námskeiðsdagar – Endur- og símenntun .....      | 13        |
| <b>Börn</b> .....   | <b>14</b> |
| <b>Fjöldi barna</b> .....                                     | <b>14</b> |
| Sérkennsla.....   | 14        |
| <b>Foreldrasamstarf</b> .....                                 | <b>14</b> |
| Áherslur og markmið .....                                     | 14        |
| Foreldrafundir .....  | 15        |
| Foreldraviðtöl, fréttabréf.....                               | 15        |
| Opið hús.....   | 15        |
| Foreldrafélög.....  | 15        |
| <b>Samstarf - fræðsla - ráðgjöf</b> .....                     | <b>16</b> |
| Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila .....                   | 16        |
| Starfsmannasamtöl.....  | 16        |
| Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar .....               | 16        |
| Samstarf við grunnskóla .....                                 | 16        |
| Öryggismál .....  | 17        |
| Breytingar og viðhald .....                                   | 17        |
| Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur .....                      | 19        |
| Lokaorð.....  | 21        |

## Almennar upplýsingar

### Leikskólar

Í Reykjanesbæ voru starfræktir níu leikskólar þar af voru þrír leikskólar, Akur, Gimli og Völlur þjónustureknir.

Hér á eftir fer yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum.

Heimasíður leikskólanna er að finna á slóðinni: [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)

**Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 sími: 420-3100 netfang: [tjarnarsel@reykjanesbaer.is](mailto:tjarnarsel@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/tjarnarsel](http://reykjanesbaer.is/tjarnarsel)**

**Leikskólastjóri: Inga María Ingvarsdóttir**

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar, en hann hóf starfsemi 1967. Flatarmál húss er 601m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis 277 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 2.241m<sup>2</sup>, leiksvæði 1.460 m<sup>2</sup>. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Leikskólinn er í hjarta bæjarins í gamalgrónu hverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

*Leikskólinn er með fjórar aldurskiptar deildir. Fyrir sumarfrí ár hvert færast nemendur hvernar deildar yfir á næstu aldursdeild ásamt kennurum. Við leikskólann starfar fjöldi fagmenntaðra og reynslumikilla starfsmanna sem vinna eftir starfsmannastefnu skólans. Skólanámskráin gerir vinnuferlið opnara og sýnilegra fyrir kennara og foreldra leikskólabarna. Áhersluþættir leikskólans eru vettvangsferðir, umhverfismennt og lestrarhvetjandi umhverfi. Tjarnarsel er Grænfánaskóli og hefur mótað umhverfisstefnu sem kennarar og nemendur koma að. Einnig hefur leikskólinn lagt mikla áherslu á að bjóða nemendum upp á opinn leikefnivið til ýmiss konar sköpunar eins og kubba af öllum stærðum og gerðum. Í Tjarnarseli er lögð er áhersla á tillitssemi, vináttu og kærleika milli allra og að hver einstaklingur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Hreyfing, lífsgleði, upplifun, virðing.**

**Gimli, Hlíðarvegi 7 sími: 421-5707 netfang: [gimli@reykjanesbaer.is](mailto:gimli@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [leikskolinn.is/gimli](http://leikskolinn.is/gimli)**

**Leikskólastjóri: S. Karen Valdimarsdóttir**

Leikskólinn Gimli tók til starfa 1971. Flatarmál húss er 507,0 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 270 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 3.540 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.003 m<sup>2</sup>. Gimli er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Leikskólinn er staðsettur í gamalgrónu umhverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15. Um áramótin 2004-2005 gerði Reykjanesbær þjónustusamning við Karen ehf./Karen Valdimarsdóttur vegna reksturs leikskólans Gimli.

*Í leikskólanum er unnið eftir Hjallastefnunni þar sem lögð er áhersla á einfalt og jákvætt starfsumhverfi sem einkennist af vináttu, kærleika, virðingu og gleði. Kjarnar eru kynja- og aldurskiptir. Nemendahópnum er kynjaskipt til að mæta ólíkum þörfum beggja kynja og til að geta leyft stelpna- og strákamenningu að njóta sín. Að auki er áhersla lögð á opinn og skapandi efnivið og lausnir barnanna sjálfra í stað hefðbundinna leikfanga, jákvæðan aga og hegðunarkennslu. Hátt hlutfall af fagmenntuðu starfsfólki, menntandi vinnuumhverfi fyrir bæði starfsfólk og börn, virk foreldrabátttaka og elskulegt andrúmsloft eru þeir þættir í starfinu sem leikskólinn er stoltastur af. Þetta skilar þeim árangri sem leikskólinn sækist eftir: ánægðum börnum, ánægðum foreldrum og ánægðu starfsfólki.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Kærleikur og agi haldast í hönd.**

**Garðasel, Hólmgarði 4 sími: 420-3161 netfang: [gardasel@reykjanesbaer.is](mailto:gardasel@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/gardasel](http://reykjanesbaer.is/gardasel)**

**Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir**

Leikskólinn Garðasel tók til starfa 1974. Flatarmál húsa er 821,4 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 366,1 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4.251 m<sup>2</sup>, leiksvæði 2.904 m<sup>2</sup>. Garðasel er fjögurra deilda aldurskiptur leikskóli með sveigjanlegan vistunartíma. Börnin eru á aldrinum 2-6 ára. Útivistarsvæði er bæði stórt og gott. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 18:15.

*Markmið Garðasels er að efla alhliða þroska barnsins í gegnum leikinn, miðað við þarfir og þroska hvers og eins. Meginmarkmið leikskólans er að efla hreyfifærni barnsins og eðlilega jákvæða sjálfsmynda, ásamt lífsleikni, umburðarlyndi, víðsýni og skapandi starfi. Leiðirnar sem farnar eru til að ná settum markmiðum eru, markviss hreyfing þar sem lögð er mikil áhersla á fjölbreyttar skipulagðar hreyfistundir og jóga þar sem jafnvægi ríkir á milli gróf- og fínhreyfinga ásamt kraftgöngu og vettvangsferðum. Einnig vinnum við með markvissa málörvun, lífsleikni og margs konar efnivið til sköpunar. Markvisst hreyfinám í sal er einu sinni í viku fyrir hvern hóp, en skipulögð hreyfistund hefur verið í Garðaseli síðan 1991.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Hreyfing, virðing, kærleikur, skapandi starf.**

**Holt, Stapagötu 10 sími: 421-6100 netfang: [holt@reykjanesbaer.is](mailto:holt@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/holt](http://reykjanesbaer.is/holt)**

**Leikskólastjóri: Kristín Helgadóttir**

Leikskólinn Holt tók til starfa 1985. Flatarmál húss er 598 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 271 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 5.129 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.030 m<sup>2</sup>. Byggt var við skólann og hann stækkaður um tvær deildir 2003. Leikskólinn stendur í landi jarðarinnar Holts og af því dregur hann nafn sitt. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:30 – 17:15.

*Í leikskólanum eru fjórar aldurskiptar deildir. Umhverfi leikskólans er afar skemmtilegt og býður upp á áhugaverða möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur.*

*Á Holti er lögð áhersla á tónlist og myndlist og starfað í anda „Reggio Emilia.“ Grunnurinn að starfinu er virðing fyrir barninu og hugmyndum þess. Könnunaraðferðin í sinni fjölbreyttustu mynd er nýtt til þekkingarleitar. Lögð er áhersla á að nýta frjálstan leik markvisst sem uppeldistæki. Leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stundu er í fyrirrúmi.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Gleði, virðing, sköpun, þekking.**

**Heiðarsel, Heiðarbraut 27 sími: 420–3130 netfang: [heidarsel@reykjanesbaer.is](mailto:heidarsel@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/heidarsel](http://reykjanesbaer.is/heidarsel)**

**Leikskólastjóri: Kolbrún Sigurðardóttir**

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa 1990. Flatarmál húss er 592,2 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 272 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 5.139 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.621 m<sup>2</sup>. Heiðarsel er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldurskiptar. Leikskólinn stendur á fallegum stað með góðu útsýni yfir byggðina. Útivistarsvæðið er stórt og afar skemmtilegt. Góðir möguleikar eru til vettvangsferða um nánasta umhverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

*Leikskólinn er heilsuleikskóli og starfar eftir Heilsustefnunni. Í stefnunni er lögð áhersla á að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl til framtíðar. Markmið skólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Aðrir áhersluþættir skólans eru Heilsubók barnsins, markviss málörvun, opinn efniviður og einfaldleiki í umhverfi. Skráningar eru gerða tvisvar á ári í Heilsubókina til þess að fylgjast með þroska og samskiptum hvers barns í leikskólanum, bókinn er kynnt fyrir foreldrum í viðtölum. Leikskólinn leggur áherslu á að barnið fái að njóta sín sem*

*einstaklingur á eigin forsendum í leik og starfi, læri að skapa og leita lausna án þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir.*

**Einkunnarorð eru leikskólans eru:**

**Hreyfing, næring, listsköpun, leikur.**

**Vesturberg, Vesturbraut 13 sími: 420–3115 netfang: [vesturberg@reykjanesbaer.is](mailto:vesturberg@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/vesturberg](http://reykjanesbaer.is/vesturberg)**

**Leikskólastjóri: Brynja Aðalbergsdóttir**

Leikskólinn Vesturberg tók til starfa sumarið 1997. Hann er í tvílyftu húsi og staðsettur vestast í bænum. Flatarmál húss er 240 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 111,2 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 1.356,5m<sup>2</sup>, leiksvæði 1.168 m<sup>2</sup>. Umhverfið býður upp á mikla möguleika hvað varðar útvist og vettvangsferðir. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

*Vesturberg er „opinn“ leikskóli þar sem allt rými nemendanna er sameiginlegt. Húsnæði leikskólans er skipt í svæði og hefur hvert þeirra ákveðið uppeldislegt markmið. Nemendur fara frjálst um húsið en kennarar eiga fasta viðveru á svæðunum viku í senn. Kennarar leggja áherslu á að vera til staðar fyrir nemendur og láta þá hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum. Markmið svæðaskipulagsins er meðal annars að sjá til þess að hver nemandi njóti sín á eigin forsendum og að þeir fái næði og svigrúm í leik sínum. Að efla frumkvæði, sköpunarþörf og úmyndunarafli nemenda, auk þess að skapa svigrúm til að nemendur geti ræktað vináttu við önnur börn og kennara. Á svæðum Vesturbergs er lögð rík áhersla á málrækt með ýmsum aðferðum sem eiga við á hverju svæði.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Frumkvæði, vináttu, gleði.**

**Hjallatún, Vallarbraut 20 sími: 420-3150 netfang: [hjallatun@reykjanesbaer.is](mailto:hjallatun@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/hjallatun](http://reykjanesbaer.is/hjallatun)**

**Leikskólastjóri: Ólöf Magnea Sverrisdóttir**

Leikskólinn Hjallatún tók til starfa 2001. Flatarmál húss er 659,80 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 333 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4.480 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.418 m<sup>2</sup>. Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í bænum. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15.

*Hjallatún er „opinn“ leikskóli með fjórar aldurskiptar heimastofur, tvær á hvorum gangi. Heimastofurnar á hvorum gangi fyrir sig vinna saman og mynda eina heild. Hjallatún er heilsdagsleikskóli. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í leikskólanum er lögð áhersla á nærveru, jákvæðni og hlýju. Stuðst er við fjölgreindarkenningu Howards Gardners með áherslu á persónugreindir. Unnið er í litlum hópum fyrir hádegi en svæðaskipt eftir hádegi. Hjallatún er hlýlegur leikskóli þar sem lögð er áhersla á fáar en skýrar reglur.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Samskipti, lýðræði, leikgleði.**

**Akur, Tjarnabraut 1 sími: 421-8310 netfang: [akur@hjalli.is](mailto:akur@hjalli.is)**

**Veffang: [hjalli.is/akur](http://hjalli.is/akur)**

**Leikskólastjóri: Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir**

Leikskólinn Akur tók til starfa í september 2007. Flatarmál húss er 1.110,0 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis 480,7 m<sup>2</sup>, og flatarmál lóðar er 4.745m<sup>2</sup>, leiksvæðið 3.635m<sup>2</sup>. Leikskólinn er staðsettur í Tjarnahverfi. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Leikskólinn er opinn frá 7:45-17:15.

*Akur er rekinn af Hjallastefnuni ehf. og unnið er eftir þeirri stefnu. Á Akri eru sex kjarnar sem eru aldurs- og kynjaskiptir, með því fyrirkomulagi er reynt að mæta þörfum hvers og barns og ólíkum þörfum beggja kynja. Virðing fyrir einstaklingnum er í hávegum höfð þar sem jákvæðni, agi og hlýja haldast í hendur. Lögð er áhersla á jákvætt, kærleiksríkt og einfalt umhverfi þar sem vellíðan*

*allra er í fyrirrúmi. Í leikskólanum notum við alls konar efnivið til sköpunar þannig að sköpunargleði og lausnir barnanna fái að njóta sín.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Vinátta, kærleikur og gleði.**

**Völlur, Keilisbraut 774 Háskólavöllum sími: 421-8410 netfang: [vollur@hjalli.is](mailto:vollur@hjalli.is)**

**Veffang: [hjalli/vollur.is](http://hjalli/vollur.is)**

**Leikskólastjórar: Árný Steindóra Steindórsdóttir og Guðrún Jóna Thorarensen**

Leikskólinn Völlur tók til starfa í september 2007. Flatarmál húss er 1.250,0 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er rúmlega 2.000 og þar af er yfirbyggt útsvæði 818m<sup>2</sup>. Leikskólinn er staðsettur á háskólasvæðinu á Vallarheiði. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:00 – 16:30.

*Völlur er rekinn af Hjallstefnunni ehf og unnið er eftir þeirri stefnu en fyrsta meginregla er að mæta hverju barni eins og það er og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga sem allir hafa þarfir sem leikskólinn lagar sig að. Unnið er í litlum aldurskiptum hópum hluta dagsins til að mæta jafningaþörfum og skapa jafningavináttu. Á valfundum velja börnin sér svæði til frjáls leiks. Þannig fá börnin tækifæri til að æfa vilja sinn og taka ákvarðanir.*

### **Starfið síðastliðið leikskólaár**

#### **Starfsáætlun**

Starfið er árstíðabundið og mótast af því. Sumarmánuðirnir eru nýttir til útiveru og vettvangsferða. Starfið á haustin einkennist mikið af aðlögun nýrra barna. Á veturna er mikið lagt upp úr ýmiss konar starfsemi s.s. hópastarfi, söng- og samverustundum.

Skóladagatal leikskólanna fyrir árið 2007-2008 var lagt fram og kynnt á starfsmannafundum.

Í *Tjarnarseli* byggðist ársáætlun á áhersluþáttum leikskólans og framtíðarsýn allra starfsmanna leikskólans. Hlutverk hennar er tvíþætt; annars vegar er hún hugsuð sem tímaáætlun og hins vegar vinnuáætlun.

Á *Gimli* gekk vel að vinna eftir stefnu leikskólans. Markmið og áherslur skólans er að kjarna, þ.e. sundurgreina umhverfi, að umhverfið sé merkingarþætt, einfalt, skýrt og ábyrgt. Samskipti við aðra Hjallastefnuskóla eru alltaf að styrkjast og eflast.

Í *Garðaseli* var starfsáætlun/skóladagatal fyrir árið 2007-2008 fylgt vel eftir og stóðst hún í alla staði. Unnið var að öllum undirbúningi fyrir veturinn á starfsmanna- og fagfundum. Hópstjórar gerðu starfsáætlun út frá þema hvers árgangs. Þema ársins fyrir tveggja og þriggja ára börn var Ég sjálf/ur og lífsleikni. Fyrir fjögurra var Ég sjálf/ur, fjölskyldan og lífsleikni. Fyrir fimm ára börn var Undirbúningur fyrir grunnskólanám og Bærinn minn, Reykjanesbær. Einnig var unnið með markvissa málörvun í öllum aldurshópum, hreyfingu, kraftgöngu, einingakubba og farið í vettvangsferðir.

Á *Holti* var viðfangsefnið Ljós og skuggar. Unnið var út frá áhugsviði barnanna þar sem könnunaraðferðin var í brennidepli. Markmið með vinnustundum/valhópum er leikgleði og að börnin séu ánægð og fái verkefni við sitt hæfi. Elsti hópurinn fékk bókina Litli dreki Kókóshneta byrjar í skóla að gjöf og unnið var með efnivið bókarinnar á vorönn. Vinnan tók mið af vangaveltum barnanna í kringum þær umræður sem skapast í leikskólanum og heima. Hjá yngri börnunum var könnunarleikurinn nýttur í vinnustundum og mikil áhersla lögð á upplifun.

Yfir sumarið var haldið áfram að vinna samkvæmt könnunaraðferðinni og starfið fært meira út. Náttúran og umhverfið var það sem gengið var út frá og verður það þema næsta vetur.

Í *Heiðarseli* var fylgt ársáætlun og skóladagatali og hefur sú áætlun staðist. Gerðar voru starfsáætlanir fyrir hvern aldur sem innihalda markmið og leiðir fyrir hvern mánuð í senn yfir vetrartímamann í hreyfingu, listsköpun og málörvun.

Á *Vesturbergi* eru uppeldisáherslur einkum tvær, annars vegar að virða sjálfákvörðunarrétt barnanna og hins vegar að virða frjálsan leik og líta á hann sem kjarna uppeldisstarfsins. Skipulögð dagskrá er ekki viðhöfð í skólanum. Börnin fara frjálst um húsið og markmiðið er að bjóða upp á hlýlegan, skemmtilegan og örvandi stað sem vekur hjá þeim gleði, forvitni og frumkvæði auk þess að efla sjálfstæði þeirra og jákvæða sjálfsmynd.

Á *Hjallatúni* var starfsáætlun lögð fyrir strax að hausti. Á hverju vori eða frá því leikskólinn tók til starfa hefur spurningarlisti verið lagður fyrir starfsfólkið og niðurstaðan nýtt af stjórnendum til að skipuleggja almennt starf leikskólans. Hefur þetta nýst vel við ársáætlunargerð. Í byrjun skólaárs var lagður undirbúningur að því að taka könnunarleikinn inn fyrir börnin í Austurgangi og í janúar var farið af stað með leikinn. Drög að áætlun var fyrir móttöku nýrra starfmanna á Hjallatúni, leikskólakennari hefur haft yfirumsjón með verkefninu.

Á *Akri* var unnið áfram með það góða starf sem búið er að leggja grunn að í nýjum leikskóla. Aðalnámskrá og námskrá Hjallstefnunnar eru nýttar til að ná markmiðum í starfi leikskólans.

Á *Velli* var aukinn þungi lagður á aukna foreldrasamvinnu og markmiðið er að styrkja enn frekar tengslin á milli heimili og skóla. Á þessu ári verður lagður grunnur að hefðum leikskólans út frá því sem vel tóks til á fyrst ári.

### **Innra mat á starfni, framkvæmd og niðurstöður**

Leikskólarnir eru stöðugt að þróa vinnu sína með endurmati á leikskólastarfinu. Matið fer fram á ýmsa vegu s.s. með skráningu, könnunum, huglægu mati eða spurningalistum. Kennarar leggja metnað sinn í að endurmeta og mennta sig enn frekar í starfi eins og kostur er.

Endurmat er tekið fyrir á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Foreldraviðtöl er í öllum leikskólum og einnig starfsmannasamtöl. Viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð í sumum leikskólum til að meta starfið og starfsanda. Í þremur leikskólum Hjalltúni, Akri og Velli var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra. Niðurstöður könnunarinnar sýndu almenna ánægju foreldra með starfið í leikskólanum. Á Hjalltúni kom athugasemd frá foreldrum vegna útileiksvæðisins en það þykir of opið og gróðursnautt.



Allir leikskólarnir nýttu sér ýmis önnur matstæki s.s. Hljóm-2 sem er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna, MOT hreyfiþroskapróf, Íslenska þroskalistann og Íslenska smábarnalistann, aldursmiðaðar atferliskannanir (samræmt fyrir alla leikskóla bæjarins haustið 2003), málþroskaprófið Orðaskil, færni barns í málnotkun og málskilningi, matslista frá sálfræðingum Fræðsluskrifstofu, stafabekking (könnun hjá elstu börnunum fyrir og eftir lestrar- og skriftarnámskeið), lestrar- og skriftarpróf (lagt fyrir hjá elstu börnunum fyrir og eftir lestrar- og skriftarnámskeið) og Gilberg og Echlers gátlisti var lagður fyrir nokkra einstaklinga.

Ofvirknikvarði fyrir fjögurra ára og eldri. Þroskapróf AAL, sem er athugunarlisti fyrri atferli leikskólabarna. Athyglisbrestur barna, fyrir fjögurra ára og eldri. Hegðun á heimili, fyrir fjögurra ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða.

Aðstoðarleikskólastjórar skila ársskýrslu til leikskólafulltrúa yfir liðið skólaár og er þessi skýrsla byggð á þeim skýrslum. Skólaárið er frá 1. september til 31. ágúst. Einnig gera leikskólarnir starfsáætlun og skóladagatal þar sem starfsemi og annað sem tengist skipulagi skólans er fyrirfram ákveðið.

## **Þróunar- og nýbreytnistarf**

Leikskólastarf er í stöðugri þróun. Í reglugerð um starfsemi leikskóla er kveðið á um að leikskólar skuli meta aðferðir við uppeldisstörf. Leikskólar geta sótt um í Þróunarsjóð leikskóla hjá menntamálaráðuneytinu. Þá geta leikskólar einnig sótt um styrk í Manngildissjóð Reykjanesbæjar. Hvatningarverðlaun Fræðsluráðs voru veitt í fyrsta skipti þann 11. júní 2008.

Tjarnarsel. Þróun lestrar- og skriftarnámsins. Sífelld var verið að endurskoða og aðlaga tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeið að starfsháttum og stefnu leikskólans og tekið var tillit til hugmyndaauðgi og reynslu kennaranna.

Móðurskóli táknaáls. Leikskólinn fékk styrk úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar til að þróa frekar sérkennslu með heyrnarskertum börnum og einstaklingum með mikla málþroskahömlun. Leikskólakennarar næst elstu deildar eru á þriggja ára táknaálsnámskeiði.

GETA til sjálfbærni - menntun til aðgerða. Leikskólinn tekur þátt ásamt nokkrum leik-, grunn- og framhaldsskólum á landinu í rannsóknar- og þróunarverkefninu. Þróunarverkefnið er hugsað sem hluti af menntun til sjálfbærrar þróunar í leikskóla. Þáttur Tjarnarsels í verkefninu er að útfæra og aðlaga lestrar- og skriftarnám og kennslu að völdum opnum svæðum innan bæjarfélagsins. Svæði verða valin sérstaklega með tilliti til útináms og kennslu í lestri og skrift.

Fjölskyldustefna. Leikskólinn útbjó fjölskyldustefnu sem byggir á fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar.

Grænfáninn. Áfram var haldið með stefnu Landverndar við að viðhalda Grænfánum og umhverfismennt skólans.

Starfsmat kennara. Leikskólastjóri fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla til að rannsaka eigið starf. Sex leikskólakennarar taka þátt í verkefninu.

Gimli. Áfallaráð var stofnað í leikskólanum í febrúar 2007. Í ráðinu sitja fjórir kennarar sem starfa við skólann og hafa sérmenntun hver á sínu sviði og góða reynslu í starfi. Áfallaráð fundar einu sinni í mánuði og oftast ef þörf krefur. Manngildissjóður Reykjanesbæjar veitti áfallaráði 100.000 kr. styrk í maí 2008 og hefur þeim peningum verið varið til fræðslu fyrir kennara leikskólans.

Aukin hreyfing í leikskólanum var frá og með 1. maí 2008 þegar leikskólakennari tók að sér markvissa hreyfingu með öllum kjörnum í skólanum. Þessi nýbreytni hefur gefið góða raun og nemendur og kennarar hafa haft gagn og gaman af.

Hvatningarverðlaun Fræðsluráðs. Aðstoðarleikskólastjóri og jafnframt kennari elstu nemenda skólans hlaut meðal annarra þessi verðlaun.

Comeniusar verkefni er evrópskt skólasamstarf. Skólaverkefnið byggja á samstarfi milli leik-, grunn- og framhaldsskóla og standa yfir í tvö ár. Gimli, í samstarfi við Njarðvíkurskóla, hefur fengið styrk frá evrópsku menntasamtökunum til næstu tveggja ára. Verkefni Njarðvíkurskóla og leikskólans Gimli heitir Side by side in education.

Samstarf á milli heimilis og skóla er stöðugt að þróast í rétta átt og þau markmið sem stjórnendur skólans settu sér í þeim efnum hefur náð fram að ganga.

Hjallastefnan er í stöðugri þróun og skólinn er í nánú samstarfi við aðra skóla.

Heimasíða skólans hefur verið í stöðugri þróun, stjórnendur skólans sjá um uppfærslu síðunnar.

Þróunarverkefnið Lestrarmenning í Reykjanesbæ heldur áfram og er markmiðið að efla lestrarfærni barna í sveitarfélaginu (2003-2006).

Lestrarkennsla eftir aðferðum Helgu Sigurjónsdóttur grunnskólakennara heldur áfram.

Garðasel. Lífsleikni. Áfram var unnið að þróunarverkefni leikskólanna Krókabóls og Sunnubóls á Akureyri sem ber heitið Lífsleikni í leikskóla.

Könnunaraðferðin er enn sem fyrr áhersluþáttur í starfi/kennslu skólans.

Markviss málörvun er einn af áhersluþáttum skólans og unnið út frá markmiðum Lestrarmenningarverkefnis Reykjanesbæjar.

Íþróttir og vettvangsferðir. Hreyfing var með hefðbundnu sniði s.l. vetur. Vettvangsferðir eru í skipulögðu starfi hjá elstu nemendum og unnið er út frá sögunni um Gogga og Valla á ferð og flugi um Reykjaensbæ.

Koffortið. Skólinn hélt áfram með verkefnið Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar.

Áfallateymi. Ráðist var í að útbúa handbók um sorg, missi og viðbrögð. Markmiðið er að efla þekkingu starfsmanna á þessum þáttum.

Fjölmenningarstefna. Stefna skólans í fjölmenningsarsamfélagi leit dagsins ljós í maí 2008. Unnin var handbók með upplýsingum fyrir starfsmenn..

Listahátíð barna 2008. Skólinn tók þátt í hátíðinni ásamt öðrum leikskólunum.

Holt. Samstarf milli deilda var aukið til muna s.l. vetur. Opið var á milli deilda í þematengda valinu og nýttist húsnæðið mun betur.

Kynningarmál. Áhersla var lögð á að kynna skólann og gefinn var út kynningarbæklingur.

Bókasafnið var allt lagfært og endurskráð og sett í tölvutækt form.

Matsaðferðir. Elstu börnin tóku þátt í mati á starfinu og voru þau spurð opinna spurninga.

Hvatningarverðlaun fræðsluráðs. Þrír kennarar skólans hlutu verðlaun.

Efnisveita. Um vorið var sett upp Skapandi Efnisveita í eina geymsluna. Efnisveitan er hluti af starfi í anda Reggio Emilia þar sem alls konar afgangsfnið er safnað saman og hann nýttur til sköpunar.

Kvikmyndagerð. Einn hópur barna af tveimur deildum tóku upp myndbrot og skrifuðu handrit með aðstoð kennara. Úkoman var ágætis kvikmynd með hljóði og leikbrellum.



Heiðarsel. Námskrár voru gefnar út fyrir hvern aldur fyrir sig.

Aldursskipting. Unnið var að aldursskiptingu á deildum sem var að mestu að ganga upp.

Dansskennsla var fyrir tvo elstu árgangana, danskennari kom í skólann og kenndi á haustönninni.

Heilsustefna unnið var áfram með stefnuna. Markmiðið er að auka gleði og vellíðan nemenda með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun. Leikskólakennari er verkefnastjóri hreyfingar.

Heilsubók áfram var haldið að þróa heilsubókina að starfi leikskólans.

Markviss málörvun er orðinn einn af áhersluþáttum starfsins í skólanum. Að hausti er lögð inn málörvunaráætlun fyrir hvern aldur og síðan önnur áætlun fyrir vorönnina.

Foreldrasamstarf foreldrar nýrra nemenda voru boðaðir til fundar þar sem stefna skólans var kynnt og skólinn skoðaður. Foreldrar elstu nemendanna fengu auk þess námsefniskynningu á þeim verkefnum sem voru í boði fyrir elstu nemendurna.

Heimasíðan er í stöðugri þróun.

Íþróttir og vettvangsferðir. Vettvangsferðir eru í skipulögðu starfi hjá elstu nemendum einu sinni í viku. Unnið er út frá sögunni um Gogga og Valla á ferð og flugi um Reykjanesbæ. Kynning var á íslensku húsdýrunum í tengslum við ferð foreldrafélagsins í sveitaferð. Íþróttavika var um vorið.

Hjallatún. Könnunarleikur. Ákveðið var að fara af stað með leikinn á Austurgang fyrir yngstu börnin. Þetta fór hægt af stað en er nú orðinn fastur liður í starfi leikskólans.

Íþróttakademían. Leigður var tími í Akadémiunni fyrir öll börnin þrisvar sinnum yfir veturinn. Skólinn fékk úthlutað 384.000 kr. úr Manngildissjóði fyrir verkefnið Skipulögð hreyfing í leikskólastarfi. Áætlað er að leigja tvo tíma í hverjum mánuði í Akadémiunni næsta vetur og efla hreyfingu barnanna enn frekar.

Íslenska fyrir tvítyngd börn. Í febrúar var fjórði hluti barnanna í skólanum tvítyngdur. Öllum tvítyngdum börnum, nema þeim allra yngstu, var skipt upp í fjögurra manna hóp og fengu börnin málörvun tvisvar sinnum í viku, aðstoðarleiksskólastjóri hafði yfirumsjón með verkefninu. Áætlað er að þýða bækling á pólsku fyrir foreldra nýrra pólskra barn í leikskólanum.

Flutningur barna milli deilda. Börn á Austurgangi fluttust yfir á Vesturgang í tveimur hópum. Aðlögun gekk mjög vel fyrir sig.

Vesturberg. Endurmat. Enn sem fyrr er það mikið keppikefli hjá kennurum að endurmeta starfið reglulega.

Fjölmennning. Fundir voru haldnir á vegum Fræðsluskrifstofu með kennurum úr leikskólum Reykjanesbæjar og nágrennabyggðarlögunum. Leikskólinn Gefnarborg í Garði hefur verið í forystu hér á Suðurnesjum hvað varða fjölmenningu og hafa veitt kennurum góðar og gagnlegar upplýsingar. Leikskólinn hefur smátt og smátt verið að breytast úr einsleitum leikskóla í fjölþjólegan. Kennarar hafa verið að endurskoða vinnubrögð sín með það í huga að tileinka sér fjölmenningu út frá börnunum.

Græna bókin. Í bókina var skráð óæskileg hegðun barna og í lok hveggjarmánaða voru málin skoðuð. Börnin ákváðu um vorið að nú væru þau búin að bæta sig svo mikið í heggun að engin þörf væri á bókinni. Kennarar tóku þessari ákvörðun fagnandi og hættu að skrá í Grænubókina.

Akur. Enskukennsla. Öll börn í skólanum fengu enskukennslu sl. vetur. Kennslan fór fram í formi leiks og söngs þar sem verið var að leggja inn orð og setningar.

Markviss stærðfræðikennsla. Aðalmarkmið stærðfræðikennslunnar er að börnin öðlist jákvæða upplifun af stærðfræðilegum viðfangsverkefnum.

Stafainnlögn með elstu börnunum var með sama sniði og síðast liðinn vetur en ætlunin er að byrja á henni að hausti. Á vorönn mun síðan verða upprifjun á stafainnlögninni.

Samstarf leik- og grunnskóla. Líkt og í öðrum leikskólum bæjarins þá funda kennarar beggja stig reglulega.

Völlur. Unnið var að því að fá hjarta Vallar til að slá taktfast og öruggt.

Stærðfræði-, lestrar-, enskulotur. Fimm ára börn fóru í stærðfræðilotur á haustönn þar sem unnið var með tölur og talnaskilning. Á vorönn var farið í lestrarlotur þar sem farið var yfir stafina og gerðar einfaldar skriftaræfingar. Einnig var farið í enskulotur þar sem börnin fengu kennslu í einföldum söngtextum, tölum og einföldum hugtökum sem varðar daglegt líf og athafnir.

Hreyfileikir. Kennarar munu sækja námskeið hjá Hreyfilandi og sjá um að miðla til annarra starfsmanna efni um mikilvægi hreyfingar fyrir börn, stefnt verður að því að búa til hugmyndabanka að ýmsum hreyfileikjum.

Á Akri og á Velli var starfsmannakönnun lögð fyrir starfsfólk leikskólanna að vori og á sama tíma voru tekin starfsmannviðtöl. Tvisvar á árinu fylltu kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynnt foreldrum í foreldraviðtölum hvorrar annar.

Að vori var send út foreldrakönnun þar sem foreldrar voru beðnir að meta þjónustu leikskólans. Niðurstöður úr mati rafrænnar foreldrakönnunnar voru mjög jákvæðar fyrir starf leikskólans.

### **Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.**

Leikskólabörn eru virkir þátttakendur í ýmsum menningarviðburðum sem oftast tengjast árstíðum og hátíðum í íslensku samfélagi. Ýmsar hefðir og hátíðir eru í heiðri hafðar í leikskólunum og njóta börnin þess í ríkum mæli.

## Menningarviðburðir:

- Að venju var elstu börnum leikskólans boðið að taka þátt í setningarathöfn Ljósanætur 2007. Hátíðin fór fram 30. ágúst við Myllubakkaskóla.
- Brunaæfing var í öllum leikskólunum.
- Lúlli löggubangsi kom í heimsókn í leikskólana í fylgd lögregluþjóns sem fræddi börnin um öryggis- og umferðarreglur og sungu með þeim nokkur lög og færðu þeim endurskinsmerki að gjöf.
- Norræna bókasafnsvikan var haldin hátíðlega í leikskólunum. Bókasafnsfræðingar af Bókasafni Reykjanesbæjar komu í heimsókn út í leikskólana og lásu fyrir börnin.
- Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, var haldinn hátíðlega í leikskólunum að venju og er skemmtilegt til þess að vita hversu sterk hefð er komin fyrir þessum degi.
- Bókasafn Reykjanesbæjar var heimsótt að venju og myndir leikskólabarna eru til sýnis þar yfir sumarmánuðina.
- Farið var með elstu börnin í nokkrar heimsóknir í grunnskólana. Þar fá þau að sjá og skoða framtíðarskólann sinn, heilsa upp á kennarana, fara í kennslustund, skoða skólalóðina og umhverfið. Þetta er liður í verkefninu Brúum bilið.
- Elstu börnin í einum leikskólanum fóru nokkrum sinnum yfir veturinn í heimsókn í Selið að hitta eldri borgara. Þar fluttu börnin söng og vísur og eldri borgarar sýndu dans undir stjórn kennara.
- Æskulýðsfulltrúi Keflavíkurkirkju fór einu sinni í mánuði út í leikskólana í Keflavíkursókn og átti samveru stund með börnunum.
- Kirkjuferðir voru farnar í tengslum við jólahátíðina.
- Elstu börnin heimsóttu eldri borgara á Nesvöllum. Við þessa hátíðlegu athöfn sýndu börnin mósaíkverk sem prýddu vegg stofnunarinnar.
- Bókasafn Reykjanesbæjar gaf öllum leikskólum bókina 1000 orð fyrir káta krakka á íslensku og ensku. Með bókinni fylgdi einnig orðalisti á pólsku.
- Skipulögð enskukennsla hófst í janúar í einum leikskólanum.
- Dagur leikskólans 6. febrúar var haldinn hátíðlegur í þremur leikskólum í fyrsta skiptið þann 6. febrúar á síðasta ári, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.. Eins og í fyrra þá höfðu leikskólar frjálsar hendur um skipulag og dagskrá og voru útfærslur afar fjölbreytilegar. Þrjú leikskólar héldu upp á daginn.
- Nemendur úr Tónlistarskólanum fóru út í leikskólana og léku fyrir börnin.
- Leiksýningar: Pétur og Úlfurinn og Hvar er Stekkjarstaur, báðar sýningarnar í Frumleikshúsinu, Snuðra og Tuðra, Tobbí trúður, Pönnukakan hennar Grýlu, Langafi þakkari, Solla stirða, Björt og jólasveinarnir, Allt í plati, Grýla og jólasveinarnir í flutningi Leikhús í tösku, Leitinn að jólasveininum en Bókasafn Reykjanesbæjar og menningafulltrúi buðu leiksólunum á þessa sýningu.
- Fulltrúar frá TM komu í heimsókn í leikskólana og gáfu börnum endurskinsmerki.
- Stekkjarkot – kynning á fornum búskaparháttum. Víkingaskipið Íslendingur kynntur.
- Sumarhátíð er haldin í öllum leikskólunum.
- Alþjóðlegi barnabókadagurinn, 2. apríl, var haldinn hátíðlegur í leikskólunum með ýmsum hætti og fjölmargir foreldrar komu í heimsókn og lásu upp fyrir börnin.
- Rástefna Samtaka sjálfstæðra skóla var haldin á Hótel Selfossi 19. apríl.
- Dagur umhverfisins 24. apríl var í hávegum hafður í leikskólunum.
- Barnamenningarhátíð Reykjanesbæjar var haldin dagana 16. maí -24. maí. Sýningin var samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og bæjarreknu leikskólanna. Við undirbúning sýningarinnar var lögð áhersla á hópavinnuverkefni með nemendum. Sýningin þótti takast með ágætum.

- Umferðarskólinn kom í leikskólana í maí með verkefnið „Ungir vegfarendur” en það er ætlað börnum fæddum 2002 og 2003.
- Brúðubíllinn. Sýning í Skrúðgarðinum börnin úr leikskólanum mætt á staðinn og nutu sýningarinnar.
- Ljósmyndasýning. Í júní tóku elstu börnin í tveimur leikskólanum þátt í sýningu vegna opunar Nesvalla. Stefnt verður að því að gera þetta að árvissum atburði
- Hestafólk kom með hesta sína í heimsókn í einn leikskólann. Börnin fengu fræðslu um hestinn og fengu einnig að fara á hestbak.

### Aðrar skemmtanir:

- Haldið var upp á þorrann, bollu-, sprengi- og öskudaginn með mismunandi hætti. Þá voru ýmsar aðrar skemmtanir haldnar s.s. fjölskyldudagur, jólaball, sumarhátíð, uppskeruhátíð grillveisla, eggjafjárjóðaleit, hjóladagur, hattardagur, piparkökukaffi, fagnaðarfundir, bónda-/konudagur. Gulur dagur-allir mæta í gulum fötum, Sumarsmellur Betri bæjar. Sólarkaffi, foreldrum/afa/ömmu er boðið í morgunkaffi. Farið er í gönguferðir um bæinn og komið við á Kaffi Duus. Haldið upp á afmæli leikskóla, myndlistarsýning í leikskóla, skemmtikraftar heimsóttu leikskólana og héldu sýningu. Strætisvagnaferðir um Reykjanesbæ og nágrenni voru vinsælar. Útskriftarferð með elstu börn leikskólans er árviss viðburður. Farið er í dagsferð. Hæfileikakeppni starfsfólks leikskólanna var haldin á Ránni 5. október. Þessi hátíð er orðin að árlegum viðburði allt frá árinu 1999.

### Kynning á leikskólanum út á við:

Talsvert var um að einstaklingar og hópar heimsæktu leikskólana og kynntu sér starf þeirra. Má þar nefna nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja en þeir vinna gjarnan verkefni í tengslum við vinnu í uppeldisfræðum. Nemendur og kennarar úr nágrannabyggðarlögunum eru tíðir gestir í leikskólana til að kynna sér starf þeirra. Þá komu kennarar frá Svíþjóð og Finnlandi í heimsókn í einn leikskólann til að kynna sér samstarf leik- og grunnskóla. Í öllum leikskólunum eru ömmu- og afadagar þar sem þeim er boðið að koma og sjá börnin í leik og starfi og þiggja veitingar, þótti þetta takast með ágætum. Fréttabréf eru gefin út í öllum leikskólunum.



Leikskólakennarar kenndu á Kjarnanámskeiði hjá MSS og tókst það ágætlega. Leikskólastjóra Tjarnarsels var afhent viðurkenning fyrir að vera fjölskylduvænt fyrirtæki í Reykjanesbæ 2008. Viðurkenningin er liður í fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar sem hefur það m.a. að markmiði að stuðla að samhljómi milli vinnu og fjölskyldulífs.

Kynning á leikskólum Reykjanesbæjar var haldin 28. september í Duus húsum. Kynningin var fyrir lokaársnema í leikskólafræðum í KHÍ. Leikskólastjórar hvers leikskóla sáu um kynninguna. Farið var með nemana í ferð um bæinn til að skoða leikskóla bæjarins.

Þann 25. maí var alþjóðadagur barnsins haldinn í fyrsta sinn á Íslandi. Var það gert að tilmælum félagsmálaráðherra. Framvegis verður síðasti dagur maímánaðar helgaður börnum. Af þessu tilefni hélt Listasafn Reykjanesbæjar í samvinnu við sex leikskóla í bænum sérstaka Listahátíð barna sem haldinn var í Duss húsum. Bæjarstjóri opnaði listasýninguna.

Sumarsýningar í Bókasafni Reykjanesbæjar á ýmsum listaverkum barnanna í leikskólunum er verðug kynning. Allir Leikskólarnir eru komnir með heimasíðu en það auðveldar mjög kynningu á leikskólanum. Ýmsar fréttir og umfjöllun um leikskólana er í staðarblöðum bæjarins svo og í landsblöðum og hafa þeir fengið jákvæða og góða umfjöllun. Vísinda- og listasmiðja sem kennarar

leikskólans Holts buðu upp á í porti við Tjarnargötu á Ljósanótt var talin athyglisverð nýjung á þessari hátíð.

Besta kynning á starfi leikskóla er e.t.v. vitnisburður foreldra, það orðspor sem fer af leikskólunum.

## Starfsmenn

### Stöðugildi

Stöðugildi í leikskólum Reykjanesbæjar í október 2007 voru 170,01 þar af var fagfólk í 73,455 stöðugildum. Ræsting er ekki meðtalin. Starfsmenn voru alls 213 þar af 78 leikskólakennarar.

### Fundir

Starfsmannafundir voru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Þeir eru utan hefðbundins vinnutíma og er greitt fyrir þá sérstaklega. Hluti þessara funda er oft nýttur til deildafunda eða deildastjórafunda í nokkrum leikskólum. Efni fundanna er mismunandi. Dæmi um fundarefni er að leikskólakennarar kynna ýmis valin fundarefni fyrir hópnum. Málið er að koma saman og ræða ákveðin mál sem upp koma hverju sinni, vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti eða útfærslu á verkefnum. Einnig er rætt um einstaka barn eða hópinn sem heild. Á starfsmannafundi eru stundum fengnir fyrirlesarar. Fundir eru skráðir í fundagerðabækur.

Deildafundir voru almennt haldnir einu sinni í mánuð og þá ýmist á vinnutíma eða í upphafi eða lok starfsmannafunda. Tilgangur þeirra er að starfsmenn deilda skiptist á skoðunum, samræmi vinnubrögð og leiti sameiginlegra lausna á málefnum einstakra barna og/eða barnahópsins.

Deildastjórafundir voru haldnir einu sinni mánuði. Á þessum fundum er rætt um heildarmarkmið leikskólans og starfsemina í heild. Upplýsingum er komið á framfæri og tengsl milli deilda eru styrkt og leikskólastjórar koma áleiðis upplýsingum til deildastjóra. Deildastjórar eru hluti af stjórnunarteymi skólanna.

Fagfundir voru haldnir (leikskólakennarar og leikskólastjóri) í flestum leikskólunum ýmist á vinnutíma eða utan hans. Þar var komið á framfæri upplýsingum er fram koma á milli starfsmannafunda og sameiginlegar ákvarðanir teknar fyrir allan leikskólann. Á þessum fundum er allt faglegt starf leikskólanna skipulagt og endurmetið.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra voru haldnir eftir þörfum. Þar voru ræddar ýmsar ákvarðanir vegna starfsmanna, barna og foreldra eða reksturs leikskólans almennt. Stjórnunartími aðstoðarleikskólastjóra fer eftir stærð leikskóla þ.e.a.s. visst prósentuhlutfall af vinnuskyldu utan deildar.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru 4 klst. á viku miðað við fullt starf en leikskólakennarar með deildarstjórn hafa 5 klst. á viku miðað við fullt starf. Leiðbeinendur fá 2 klst. á viku miðað við fullt starf. Tímarnir eru nýttir til ýmiss konar vinnu- og starfsáætlunargerðar. Í sumum leikskólum skila starfsmenn skýrslu til leikskólastjóra með upplýsingum um hvernig tíminn var nýttur. Undirbúningstímar eru hluti af vinnutíma.

Kynningarfundir fyrir nýtt starfsfólk voru haldnir í einum leikskólanum.

Samráðsfundir leikskólafulltrúa og stjórnenda skólanna voru haldnir mánaðarlega. Þeir eru boðaðir af leikskólafulltrúa með leikskólastjórum. Sérkennslufulltrúi situr fundina. Fundarefni voru fagleg og rekstrarleg mál, einnig starfsmannamál. Aðstoðarleikskólastjórar voru boðaðir einu sinni á fund þetta árið þar sem farið var yfir starfssvið þeirra og formið á ársskýrslu.

Viðvera í leikskólum. Leikskólafulltrúi hefur haft fasta viðveru, einu sinni í mánuði, út í leikskólunum síðan haustið 1996. Rædd eru mál er varðar starfsemi og rekstur.

Sérkennarafundir Sérkennslufulltrúi heldur fundi með sérkennslustjórum skólanna. Hann er með fasta viðveru einu sinni í mánuði út í leikskólunum.

Fjölmenningarfundir. Sérkennslufulltrúi hélt tvo fundi á árinu með fjölmenningarhópnum.

Samráðsfundir kennara í leik- og grunnskóla eru haldnir þar sem skipulagðar eru gagnkvæmar heimsóknir yngstu barna grunnskólans og elstu barna leikskólans. Auk þess er farið yfir nám- og

námsáætlanir á hvoru skólastigi. Að vori er farið yfir liðið ár og leikskólar afhenda grunnskólum þar til gerða gátlista fyrir hvert barn og að hausti er farið yfir komandi starfsár. Fundirnir voru haldnir í Heiðarskóla. Farsælt samstarf er á milli skólastiganna.

Lestrarmenningarfundir voru haldnir nokkrum sinnum með leikskólafulltrúa og fulltrúum leikskólanna í Lestrarmenningarverkefninu. Þar var kynnt hvað var verið að gera í hverjum leikskóla og hvernig gekk að skiptast á upplýsingum og hugmyndum.

Fræðsluráð er stjórnarnefnd leik- og grunnskólanna, hún mótar ýmsar reglur um leikskólamál og fjallar um þau erindi sem henni berast. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um ýmis mál er varða stjórnun leikskólanna. Formaður nefndarinnar er Garðar Vilhjálmsson. Fulltrúar leikskólastjóra, starfsfólks leikskólanna og foreldra eiga fulltrúa í nefndinni. Þeir fulltrúar eru með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Fundirnir hafa verið haldnir í leikskólunum til að kynna m.a. stefnu og starfsemi leikskólanna. Ánægja er með þetta fyrirkomulag bæði hjá nefndarmönnum og leikskólastjórum. Enn sem fyrr voru sex fundir haldnir varðandi leikskólana á skólaárinu.

Starfsmannafundir Reykjanesbæjar með bæjarstjóra, forstöðumönnum og starfsmönnum bæjarins voru haldnir í Duus húsum.

### **Skipulags- og námskeiðsdagar – Endur- og símenntun**

Samkvæmt kjarasamningi skal hver starfsmaður taka þátt í endur- og símenntunaráætlun og er launaflokkahækkun háð þátttöku í þeirri áætlun. Hver starfsmaður skal stunda endurmenntun sem nemur 15 stundir að lágmarki. Á undanförunum árum hefur verið mjög ánægjulegt samstarf um endur- og símenntun fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðunesjum.

Nú er boðið upp á Leikskólabrú í MSS og Leikskólaliðanám á Keili. Námið er á framhaldsskólstigi fyrir starfsmenn leikskóla.

Á skipulagsdögum skipuleggur starfsfólk starfið framundan og forgangsröðun verkefna er ákveðin. Á skipulagsdögum eru iðulega fengnir fyrirlesarar. Á þessum dögum fara starfsmenn leikskóla einnig oft í aðra leikskóla til að kynna sér starfið þar.

Skipulagsdögum var fjölgað úr þremur í fjóra á árinu. Miðað er við að tveir séu fyrir áramót og tveir eftir áramót. Áætlað er að gera fjórða skiðulagsdaginn að sameiginlegum námskeiðsdegi en hann var einmitt haldinn í Kirkjulundi í Keflavík 21. apríl og stóð 10. svæðadeild FL á Suðurnesjum fyrir þessum degi sem þótti takast með ágætum.

Starfsmenn Vesturbergs fóru til Kaupmannahafnar, dagana 21. og 22. september á skógarnámskeið, sem reyndi á þol og hugrekki starfsfólks. Daginn eftir var leikskóli skoðaður. Um vorið var fenginn fyrirlesari frá Capacent á Vesturberg er fjallaði um breytingar og breytingarferli en það var liður í að undirbúa kennara að starfi í breyttu umhverfi.

Starfsfólk Hjallatúns fór í náms- og kynnisferð til Glasgow, dagana 25. og 26. apríl, þar sem skoðaður var leik- og grunnskólinn Netherlee Primary school. Seinni daginn var farið til Edinborgar á sögunámskeið.

Aðstoðarleikskólastjórar gera grein fyrir vinnu á skipulagsdögum í ársskýrslu.

Leikskólarnir eru lokaðir á skipulagsdögum og er það auglýst með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Fyrirlestrar á skipulagsdögum voru:

Slysavarnir barna Herdís Storegord , hjúkrunarfræðingur.

Könnunaraðferðin Anna Marie Kjærnested og Áslaug Unadóttir, leikskólakennarar.

Hópefli Marta Eiríksdóttir, grunnskólakennari.



Fyrirlesarar á 4. námskeiðsdegi voru: Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, Guðmundur Rúnar Lúðvíksson, listamaður og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, íþróttakennari.

## Börn

### Fjöldi barna

Í október 2007 dvöldu samtals 783 börn í leikskólum Reykjanesbæjar. Í heilsdagsdvöl voru 681 barn og í hálf dagsdvöl voru 17 börn og í tímanum frá kl. 8–13/14 voru 85 börn. Börn einstæðra foreldra voru 141, nemendaafslátt fengu 41 barn og tvítýngd börn voru 90.

|                 |           |     |
|-----------------|-----------|-----|
| Börn fædd árið: | 2002 voru | 207 |
|                 | 2003 voru | 183 |
|                 | 2004 voru | 181 |
|                 | 2005 voru | 202 |
|                 | 2006 var  | 10  |

Öllum börnum tveggja ára og eldri var boðin leikskóladvöl haustið 2007.

Allir leikskólarnir eru svo gott sem einsettir og endurspeglar það óskir foreldra um dvalartíma en langflestir óska eftir heilsdagsdvöl fyrir börnin.

### Sérkennsla

Í október 2007 voru börnin 35 sem nutu sérkennslu í leikskólum bæjarins og hélst sú tala óbreytt út árið. Þessi börn eru alfarið í almennum deildum leikskólanna, einnig þau sem eru mikið fötluð. Þegar börn hafa verið greind með veruleg þroskafrávik er komið til móts við viðkomandi barn með því að bæta við starfsmanni á deild, hluta dvalartímans. Unnið er eftir reglum við úthlutun á stuðningstímum sem samþykktar eru af Fræðsluráði og bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Reglurnar byggja á fimm flokkum og hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrjú flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvert sérkennslubarn.

Sérkennslufulltrúi var með fasta fundi mánaðarlega í hverjum leikskóla og oftast er óskað var eftir því. Á Fræðsluskrifstofu eru einu sinni í viku inntökufundir þar er farið m.a. yfir þær beiðnir er berast skrifstofunni varðandi sérkennsluþörf barna. Fundina sitja sálfræðingar, sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla, kennslufræðingur og talmeinafræðingur.

### Foreldrasamstarf

#### Áherslur og markmið

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum leikskólum. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum. Markmið félagsins eru að vinna að velferð barna, efla hag leikskólans og koma á sem bestu sambandi milli leikskólans og heimila barna. Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum og taka þátt í starfinu þegar þeir vilja. Mjög ör þróun hefur verið í leikskólamálaum síðastliðin ár og er því gott foreldrasamstarf mikilvægt. Starfið í leikskólanum og áherslurnar þar hafa breyst mikið, þess vegna er nauðsynlegt að hafa góðan kynningarfund fyrir foreldrana



við upphaf leikskólagöngu barnsins.

### **Foreldrafundir**

Foreldrafundir gegna þýðingarmiklu hlutverki í leikskólunum. Foreldrarnir kynnast starfsfólkinu, leikskólanum og hverjir öðrum. Á haustfundum fengu foreldrar kynningu á starfseminni eins og hún er hverju sinni. Þessir fundir voru ýmist sameiginlegir fyrir allan leikskólann eða fyrir hverja deild. Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori. Á þessum fundum voru í sumum leikskólunum afhentar skólanámskrár. Oft er ýmiss konar fræðsla á dagskrá þessa fundar. Um vorið var sumarhátíð í öllum leikskólum bæjarins og var foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum boðið að taka þátt í þessum veislum.

Við inngang á hverri deild er tafla þar sem daglega eru skráðar upplýsingar er varða ferðir, verkefni, val, matseðil vikunnar o.fl.

### **Foreldraviðtöl, fréttabréf**

Á hverjum vetri, eru foreldrar boðaðir í viðtöl vegna barna sinna. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða um barnið í fyllsta trúnaði. Foreldrar fá upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnar í hópnum með félögnum. Þegar barnið byrjar í leikskólanum eru foreldrarnir boðaðir í viðtal hjá viðkomandi leikskólakennara og leikskólastjóra. Stefna leikskólans er kynnt fyrir foreldrum og þeir fá innsýn í starfið.

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfi í leikskólanum og skiptir máli fyrir nýja barnið og foreldra þess. Auk þess skiptir það máli að vel takist til með kynni nýja barnsins við hópinn og starfsfólk á deildinni. Hversu marga daga foreldri er með barninu ræðst af barninu sjálfu og foreldrum þess.

Upplýsingastreymi milli foreldra og starfsfólks fer fram í daglegum samskiptum, þegar börnin mæta í skólann að morgni og þegar þau eru sótt.

Fréttabréf voru gefin út í öllum leikskólunum en heimasíður og tölvupóstur er þó almennt að koma í þeirra stað. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfunum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfnni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

### **Opið hús**

Líkt og áður þá var ákveðið að vera ekki með neinn sérstakan dag fyrir opið hús. Foreldrar eru ávallt velkomnir að koma og dvelja með börnum sínum í leikskólanum. Sumir leikskólar eru komnir með þá hefð að bjóða foreldrum nokkrum sinnum í morgunkaffi og þótti takast með ágætum. Ömmu- og afadagur eru í öllum leikskólunum. Tjarnarsel var með opið hús 6. febrúar á Degi leikskólans.

### **Foreldrafélög**

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólana og styðja þau við bakið á leikskólastarfinu á margsvíslegan hátt. Markmið hvers félags er m.a. að stuðla að viðgangi leikskólanna og efla enn frekar það góða starf sem þar er unnið. Foreldrafélögin hafa mótað starfsemi sína á undanförunum árum og er samvinna foreldra við leikskólana með ágætum. Foreldrafélögin styrkja starfsemi leikskólanna með ýmsu móti s.s. á jólaskemmtunum, sumarhátíðum, íþróttadegi, útgáfu á söngbók, halda kökubasar, sveitarferð, sala á flíspeysum með merki skólans í fjáröflunarskyni, halda sölusýningu á verkum barnanna, kaup á fána, kaupum á ýmsum leiktækjum og áhöldum og foreldrafélögin taka bæði þátt í og standa fyrir vorferðalögum barnanna. Þá hafa foreldrafélögin staðið fyrir leikhúsferðum bæði innan bæjar og í Þjóðleikhúsið. Foreldrafélögin hafa einnig staðið fyrir fyrirlestrum á fundum félagsins. Í einum leikskólanum var farið í páskaeggjaleit í skrúðgarðinum og gaf félagið öllum páskaegg í tilefni páskahátíðarinnar.

## Samstarf - fræðsla - ráðgjöf

### Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar heyrir undir Fræðslusvið Reykjanesbæjar og hefur aðsetur á Tjarnargötu 12. Fræðsluskrifstofan sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar.

Leikskólafulltrúi er faglegur og rekstrarlegur yfirmaður leikskólanna og jafnframt tengiliður milli leikskólanna og bæjaryfirvalda. Leikskólafulltrúi ber einnig ábyrgð á eftirliti í einkaleikskólunum. Leikskólafulltrúi er Guðríður Helgadóttir. Á Fræðsluskrifstofu starfa sálfræðingar, talmeinafræðingar og sérkennslufulltrúi sem sinna börnum í leikskólunum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu. Leikskólar fá einnig ráðgjöf frá Greiningarstöð ríkisins, Þroskahjálp á Suðurnesjum, Svæðisskrifstofu Reykjanes, Talþjálfun Reykjavíkur, Landvernd og Samskiptastöð heyrnalausra. Þá er samstarf við ýmsa aðila á vegum bæjarins s.s. skrifstofu, tæknideild, Þjónustumiðstöð/Hverfisvini, Bókasafn Reykjanesbæjar, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Fjölskyldu- og félagsþjónustu bæjarins, Heilsugæslu Suðurnesja, Njarðvíkurkirkju, Keflavíkurkirkju, Íþróttakademiuna Heilbrigðisdeftirlit, ÍAV og Fasteignar hf., KHÍ og HA, FS, og grunnskóla bæjarins.

Á Fræðsluskrifstofu er vísir að bókasafni fyrir leikskólana sem þeir hafa nýtt sér nokkuð vel.

Leikskólafulltrúi sér um innritun barna í leikskólana og úthlutar leikskólaplássum og hefur umsjón með samstarfi við leikskólana í Garði, Sandgerði og Vogum. Gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda. Hægt er að sækja um leikskóladvöl fyrir börn við fæðingu en til þess að vera skráð á virkan biðlista verður lögheimili að vera í Reykjanesbæ. Tekið er á móti umsóknum á bæjarskrifstofunum. Mögulegt er að sækja um forgang fyrir barn í leikskóla ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi enda fylgi vottorð frá opinberum aðilum.

### Starfsmannasamtöl

Leikskólustjórar komu í starfsmannasamtal við leikskólafulltrúa. Í starfsmannasamtali er tækifæri fyrir starfsmann og næsta yfirmann að setja sameiginleg markmið út frá stefnu sveitarfélagsins og stofnunarinnar, leiðrétta það sem betur má fara og tryggja að verið sé að stefna í sömu átt.

### Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar

Á síðastliðnu skólaári voru tólf leikskólakennaranemar í fjarnámi og staðbundnu námi við KHÍ og HA. Einn er á Þroskaþjálfabraut í KHÍ. Einn leikskólustjóri stundaði nám í mennta- og menningarstjórnun í Viðskiptaháskólanum á Bifröst og einn er í mastersnámi í mannauðsstjórnun í HÍ.

Átta nemar voru í vettvangsnámi í leikskólum Reykjanesbæjar á síðastliðnu ári frá KHÍ og HA, þrír á Hjallatúni í einn í Heiðarseli og fjórir á Holti. Nokkuð er um að nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja og leik- grunnskólum bæjarins séu í kynningu í leikskólunum.

### Samstarf við grunnskóla

Fundað var nokkrum sinnum á árinu undir formerkinu Brúum bilið.

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í fastar skorður og funda kennarar beggja skólastiganna reglulega. Leikskólarnir eiga sér sinn heimaskóla. Þessir heimaskólar setja sér svo vinnureglur um samstarf. Síðastliðið haust funduðu kennarar elstu barnanna í leikskólunum og kennarar 1. bekkja í grunnskólunum þar sem lögð voru drög að væntanlegu samstarfi yfir veturinn. Um vorið afhentu leikskólakennarar kennurum grunnskólanna upplýsingar um þau börn sem fóru í grunnskólann haustið 2008. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna



leikskólans. Frá áramótum höfðu börnin í skólahópum leikskólanna unnið ýmis verkefni sérstaklega ætluð til undirbúnings náminu í grunnskólanum. Deildastjórar beggja skólastiga eru tengiliðir varðandi samstarfið. Móttökur grunnskólakennara í skólaheimsóknum leikskólanna með elstu börnin hafa verið og eru í alla staði til fyrirmyndar.

Mestu samskipti leikskólanna er við heimaskóla hvers leikskóla en nokkrir leikskólar eru þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í þrjá og jafnvel fjóra grunnskóla. Nokkuð er um að grunnskólanemendur fari í starfskynningu í leikskóla. Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu í leikskóla.

## Öryggismál

Brunavarnir Suðurnesja hafa haft umsjón með bruna- og þjófavörnum síðan árið 1998. Í janúar 2002 tók Öryggismiðstöð Íslands við þjónustunni.

Einu sinni á ári eru brunaæfingar í hverjum leikskóla og gerð er rýmingaráætlun fyrir hvern leikskóla. Slökkvitæki eru yfirfarin einu sinni á ári. Í hverjum leikskóla er kosinn öryggisfulltrúi úr röðum starfsmanna sem sér um að yfirfara húsnæði, lóð, tæki, leikföng og annað í leikskólanum með öryggi barnanna að markmiði.

Lögreglan kemur í heimsókn einu sinni á ári. Farið er yfir helstu hættur sem ber að varast í umferðinni en lögð sérstök áhersla á notkun endurskinsmerkja. Lögreglan færði börnum og starfsfólki endurskinsmerki að gjöf.

Fulltrúar frá Slysavarnarfélagi Íslands komu í heimsókn í leikskólana og afhentu öllum leikskólabörnum bæklinginn Öryggi barna í bíl.

Umferðarskólinn á vegum Umferðarstofu kemur einu sinni á ári og er með umferðarfræðslu fyrir tvo elstu árgangana.

Öll slys og óhöpp eru skráð á sérstök eyðublöð. Viðbragðsáætlun er í gangi ef slys eða óhapp verður í leikskólanum. Leitast er við að búa börnum öruggt umhverfi m.a. með að kaupa vandaðan búnað og leiktæki.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kemur í hefðbundna heimsókn í alla leikskólana og gerir úttekt á ástandi lóðar og húsnæðis.

## Breytingar og viðhald

Á árinu var almennu viðhaldi sinnt í leikskólunum og ýmis smærri verk og endurbætur gerðar innanhúss sem utan. Eignarhaldsfélagið Fasteign sér um allt viðhald á girðingum lóðanna og einnig viðhald leikskólanna að utan. Leikskólarnir borga leigu til Fasteignafélagsins.

Viðhald lóða, leiktækja og endurnýjun var sinnt með venjubundnum hætti og skipt um sand í sandkössum.

**Tjarnarsel:** Deildir leikskólans og gluggar málaðir innan húss, nýr skápur settur í hvíldarherberg og margt annað lagfært og fært til betri vegar í leikskólanum. Á útisvæði var hóllinn tyrfður, pallar slípaðir og málaðir.

**Gimli:** Almenn viðhald þetta árið engar stórfamkvæmdir.

**Garðasel:** Ráðist var í framkvæmdir á lóð skólans. Lokaúttekt þann 10. júní. Boltasvæðið var hins vegar látið bíða betri tíma. Viðhald innanhúss var hefðbundið.

**Holt:** Framkvæmdir við lóð stóðust ekki öryggiskröfur og er málið í athugun. Viðhald innanhúss hefðbundið.

**Heiðarsel:** Gert það allra nauðsynlegasta. Kominn er tími á almennt viðhald innan húss.

**Vesturberg:** Allt viðhaldi var í lágmarki í gamla húsnæðinu.

**Hjallatún:** Enn er haldið áfram við að setja krossviðsplötur á innveggi leikskólans. Á útisvæði voru ljósastaurar málaðir þannig að börnin geta ekki festst við staurana ef þau sleikja þá þegar frost er úti. Annars var allt viðhald með hefðbundnum hætti.

**Akur:** Fasteign ehf. á húsnæðið og sér um viðhalda að utan s.s. veggi, útihurðir, glugga og girðingu. Hjallastefnan ehf. sér um allt viðhald fasteignarinnar innan húss. Viðhald útileiktækja og lóðar vegna leikskólastarfsins er einnig í höndum Hjallastefnunnar ehf.

Bæjarbúum er heimilað að nota lóð leikskólans utan opnunartíma. Verði skemmdir á lóð og/eða tækjum utan opnunartíma leikskólans ber Reykjanesbær kostnað af viðgerðum. Ýmsum framkvæmdum var ólokið þegar leikskólinn hóf starfsemi sína og eins komu ýmsir vankantar í ljós þegar reynsla kom á húsnæðið. Framkvæmdum er þó að mestu leyti lokið og liggja fyrri loforð varðandi ýmis smærri verkefni sem á eftir að ljúka.

**Völlur:** Framkvæmdum við breytingar á byggingu leikskólans Vallar er að mestu lokið. Þó eru nokkur atriði sem eftir á að framkvæma en fengist hefur samþykki fyrir því. Ber þar helst að nefna stækkun á lóð og stækkun á salerni/skiptiaðstöðu á drengjakjarna. Þá er óklárað að setja lostræstikerfi fyrir þann hluta mið- og eldrieiningar sem snýr að innigarði. Jafnframt hefur málningarvinnu utanhúss verið frestað.

Öryggisfulltrúi er í öllum leikskólunum sem fyllir út reglulega gátlista um öryggisþætti leikskólans.



## Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur

*Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Fræðsluskrifstofunnar:*

- Brúum bilið-fundur leik- og grunnskóla. Haldinn í Heiðarskóla 18. september. Fyrirlesari Ásta Egilsdóttir, leik- og grunnskólakennari.
- Hljóðþróun og framburður – hagnýt verkefni. Haldinn í Tjarnarseli 15. febrúar og 4. apríl. Fyrirlesari Kristinn Hilmarsson, talmeinafræðingur.
- Námskeið á vegum Gagnavers. Haldið í Heiðarskóla á vegum Reykjanesbæjar, 28. febrúar.
- LOGOS. Kynning fyrir sérkennara. Haldið í Njarðvíkurskóla 18. mars. Kennari Gyða Arnmundsdóttir.
- Mentor.is. Kynning í Njarðvíkurskóla 28. mars. Kennari Andrea Gunnarsdóttir.
- Stjórnendanámskeið. Haldið 10. og 12. október í samkomuhúsinu í Garði. Fyrirlesari Pétur Guðjónsson.
- Vefurinn leikskóli.is. Kynnt öllum leikskólastjórum Reykjanesbæjar, 18. janúar.
- Lestrarmenning í leikskólum. Fundur 16. janúar á bæjarskrif. Kennari Guðríður Helgadóttir.

*Önnur námskeið og fyrirlestrar sem leikskólakennarar og leiðbeinendur sóttu:*

- Fagnámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum II. hluti 40 st., III. hluti 60 st. og IV. hluti 60 st. Á vegum MSS í samráði við Fræðsluskrifstofu haldið í MSS, október og nóvember, janúar og febrúar. Alls sóttu 33 starfsmenn námskeiðið þar af 14 úr Reykjanesbæ.
- Leikskólabrú. Á vegum MSS í samráði við Fræðsluskrifstofu haldið febrúar í MSS. Alls sóttu 14 starfsmenn leikskólabrúna þar af 11 úr Reykjanesbæ.
- NEAP Prófasafnið. Haldið 27. september á vegum Heyrnar og Talmeinastöðvar Íslands.
- Fjölmenning og framtíðarsýn. Haldið í MSS 2. og 23. október. Fyrirlesarar: Amal Tamimi, fræðslufulltrúi og Sólveig Jónasdóttir, mannfræðingur báðar frá Alþjóðahúsi.
- Námsefni Stig af stigi. Haldið í Gerðubergi 28. september.
- Stórelldhúsið. Fyrirlestur í boði Rannsóknarþjónustu Sýn hf. Haldið í Holtaskóla.
- Numicon stærðfræði námskeið á Numicon Ltd. Haldið 21. febrúa. Kennari Kristín Walls.
- Verndum þau - Hvernig bregðast á við ofbeldi gegn börnum og ungmennum. Haldið í öllum leikskólum. Fyrirlesarar: Félagsráðgjafar frá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Allir leikskólarnir fengu bókina Verndum þau að gjöf.
- Íslenski þroskalistinn. Haldinn 24. október. Haldið í Endurmenntun HÍ. Kennari Einar Guðmundsson, dósent við HÍ og Sigurður J. Grétarsson, prófessor við HÍ.
- Skólabróun. Haldið 9.-10. nóv. á Laugarvatn. Samtök áhugafóks sá um námskeiðið.
- Talsjá. Námskeið í Talsjá, 23. nóvember. Kennari Ásthildur Snorradóttir.
- Atferlisþjálfun fyrir börn með einhverfu. Haldið í Garðaseli, í jan. og feb. á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Táknmálsnámskeið. Haldið í febrúar á vegum MSS.
- Kirkja og leikskólar. Haldið 30. janúar í Keflavíkirkirkju. Fyrirlesarar: Skúli Ólafsson, prestur og Erla Guðmundsdóttir, æskulýðsfulltrúi.
- Bruna- og slysavarnir: Námskeið fyrir starfsfólk leikskóla, haldið 15. febrúar.
- Stuðningsfulltrúanám. Hófst 18. febrúar.
- Virðing og jákvæð samskipti. Haldið í febrúar í Gefnarborg. Kennari Gerður Pétursdóttir.
- Framhaldsnámskeið í heimasíðugerð leikskóla. Haldið 2. mars.
- Aðalfundur FI. Haldinn 13. og 14. mars á Grand Hótel.
- Boardmaker. Haldið 28. mars í Tölvumiðstöð fatlaðra og 21. maí á Sjónarhóli.
- Krakkamatúr. Haldið 27. og 31. mars í Rannsóknarþjónustu Sýn ehf.

- Eflum mál af lífi og sál. Haldið á Grand Hótel, 25. janúar, 8. apríl og 28. mars á vegum Talbjálfun í Reykjavík.
- Forvarnarmál í Reykjanesbæ. Haldin 7. apríl.
- Börn eru klár. Haldið 21., 23. og 30. apríl. Kennari Helga Þórðardóttir, félagsfræðingur.
- Verndarar barna. Haldið í Garðaseli 5. maí í boði foreldrafélaga. Blátt áfram sá um námskeiðið. Fyrirlesari Sigríður Björnsdóttir.
- Fötlun og samfélag. Haldið 8.og 9. maí á vörnámskeiði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.
- Jóga með börnum. Haldið í maí. Kennari Sigurlaug Einarsdóttir, leikskólatjóri í Reynisholti.
- Námsstefna um sérkennslumál og tengda þætti. Haldið 17. ágúst af FL í KHÍ.
- Skapandi starf með börnum og unglíngum. Kennaranámskeið í Kramhúsinu. 11.-13. júní.
- Ullarþæving. Haldið 15.-17. ágúst á Akureyri. Kennari, Ingeborg, þævingarkennari.
- Tumi og tákni. Haldið 30. ágúst. Höfundar brúðunnar Tuma þær Guðrún Eiríksdóttir og Sunna Björg Sigurjónsdóttir sá um kynninguna.
- Leikur í starfi. Haldið í Íþróttakademíuna.

*Námskeið á vegum KHÍ, og Endurmenntunarstofnunar Háskólans sem starfsfólk leikskólanna sóttu:*

- Hljóm-2. Haldið 17. og 24. október í KHÍ. Fyrirlesari Ingibjörg Símonardóttir.??
- Málþing 18. og 19. október. HEITI á málþinginu?
- Remíða-skapandi efnisveita. Námskeið og ráðstefna á vegum SARE haldin í KHÍ.

*Ráðstefnur og málþing sem leikskólakennarar sóttu:*

- Kjaramálaráðstefna FL. Haldið 5. október í Reykjavík.
- Utomhus. Ráðsetfna í Stokkhólmi á vegum Reggio Emilia Institutet í Svíðþjóð, 29. og 30. nóvember.
- Útikennsla. Haldin í janúar á Jótlandi í Danmörku.
- Rödd barnsins. Gleði í skólastarfi. Haldið í Borgarleikshúsinu, 18. apríl.
- Samtök sjálfstæðra skóla. Fundur 19. apríl á Hótel Selfoss.
- GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða. Haldin 20. maí og 16. júní í KHÍ.
- Leiðir til að efla lesskilning. Haldið í Víðistaðaskóla 14. ágúst.
- Listir og menning. Haldið 23.-24. ágúst í Brekkuskóla á Akureyri.



## Lokaorð

Leikskólar Reykjanesbæjar hafa verið í mjög örri þróun undanfarin ár. Mikil gróska og hugmyndaauðgi er í leikskólastarfinu og mannauður mikill. Allir leikskólarnir hafa verið að móta sér sérstöðu í starfi sínu og stjórnendur vilja sjá frumkvæði og sjálfstæða hugsun í starfi starfsmanna en að stjórna og vinna í leikskóla krefst mikillar orku og góðrar yfirsýn en með gott samstarfsfólk og viljann að vopni er allt hægt.

Sífelld eru starfsmenn hvattir til menntunar og endurmenntunar og er það vel. Um langt árabíl hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hlúð að þessu þætti með fagnámskeiðum fyrir leiðbeinendur í leikskólum og nú er boðið upp á Leikskólabró í MSS og Leikskólaliðanám á Keili. Námið er á framhaldsskólstigi fyrir starfsmenn leikskóla.

Heimsóknir til annarra landa er einnig stór þáttur í fræðslu en þar er að finna uppsprettu nýrra hugmynda og hleypa oft nýju lífi í starfið. Starfsfólk tveggja leikskólar fóru til útlanda þetta árið.

Byggðir voru tveir nýir leikskólar á árinu Akur og Völlur og Vesturberg flutti í nýtt húsnæði sem er á baklóð gamla Vesturbergs. Akur og Völlur eru reknir af Hjallastefnunni ehf.

Viðburðir voru margir þetta árið í leikskólunum en hæst ber þó þegar starfsfólk Tjarnarsels hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2008 fyrir lestrar- og skriftarhvetjandi umhverfi í skólanum, fyrstur allra leikskóla á landinu. Leikskólinn fékk einnig viðurkenningu frá Fjölskyldu- og félagssviði bæjarins fyrir að vera stofnun sem tekur tillit til þarfa fjölskyldunnar. Þá fékk Tjarnarsel úthlutað úr Manngildissjóði fyrir að vera móðurskóli táknmáls.

Samvinna við foreldrafélög leikskólanna hefur verið með ágætum eins og endranær. Samtökin Blátt áfram kom og hélt fyrirlestur fyrir alla leikskólana að frumkvæði foreldrafélags Garðasels. Í framhaldi var ákveðið að gefa öllum leikskólabörnum bæjarins bókina Þetta eru mínir einkastaðir.

Hvatningarverðlaun Fræðsluráðs voru veitt í fyrsta skipti og fengu nokkrir starfsmenn á Holti og Gimli í Heiðarseli og Tjarnarseli tilnefningu.

Alþjóðadagur barnsins var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti á Íslandi og af þessu tilefni hélt Listasafn Reykjanesbæjar sérstaka Listahátíð barna sem haldinn var í Duss húsum.

Skipulagsdögum leikskólanna var fjölgað úr þremur í fjóra en einn af þessum dögum er námskeiðsdagur.

Samantekt úr ársskýrslum leikskólanna

Gert í mars 2009

---

Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi